

**14. fundur Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd haldinn Miðtúni 1,
Tálknafirði, mánudaginn 16. nóvember 2015
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Sigurvin Hreiðarsson (SH) formaður, Aðalsteinn Magnússon (AM) aðalmaður, Lilja Magnúsdóttir (LI) aðalmaður, Árni Traustason (ÁT) byggingafulltrúi, Óskar Örn Gunnarsson (ÓÖG) skipulagsfulltrúi og Elfar Steinn Karlsson (ESK) embættismaður.

Fundargerð ritaði: Elfar Steinn Karlsson,

Dagskrá:

1. 1511020 - Beiðni um stöðuleyfi.

Erindi frá BA-337 ehf. Í erindinu er sótt um stöðuleyfi fyrir 3 x 20 feta gáma neðan við Strandgötu 45. Gámarnir eru nýttir undir vélar og tæki tengd rekstri fyrirtækisins.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir veitingu stöðuleyfis til 6 mánaða.

2. 1511019 - Beiðni um stöðuleyfi fyrir gám og frystiklefa.

Erindi frá Nirði ehf. Í erindinu er sótt um stöðuleyfi fyrir 2 x 20 feta gámum og færanlegum frystiklefa við hafnarsvæði.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir veitingu stöðuleyfis til 6 mánaða.

3. 1511018 - Beiðni um stöðuleyfi

Erindi frá TV- Verk ehf. Í erindinu er sótt um stöðuleyfi fyrir 2 x 20 feta gámum við Strandgötu 37. Gámarnir eru nýttir til geymslu.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir veitingu stöðuleyfis til 6 mánaða.

4. 1510047 - Stöðuleyfi fyrir gáma og aðra lausafjarmuni.

Erindi frá Björgunarsveitinni Tálkna. Í erindinu er sótt um stöðuleyfi fyrir 20 feta gám neðan við Strandgötu 37. Gámurinn er nýttur til geymslu.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir veitingu stöðuleyfis til 6 mánaða.

5. 1510046 - Stöðuleyfi fyrir gáma og aðra lausafjarmuni.

Erindi frá Fjarðalax hf. Í erindinu er sótt um stöðuleyfi fyrir 40 feta gám neðan við hafnarskemmunna.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir veitingu stöðuleyfis til 6 mánaða.

6. 1510045 - Stöðuleyfi fyrir gáma og aðra lausafjarmuni

Erindi frá Tungusilung ehf. Í erindinu er sótt um stöðuleyfi fyrir 40 feta gám innan við Strandgötu 23.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir veitingu stöðuleyfis til 6 mánaða.

7. 1510053 - Stöðuleyfi fyrir gáma og aðra lausafjarmuni.

Erindi frá Villimey slf. Í erindinu er sótt um stöðuleyfi fyrir 2 x 40 feta gámum við Strandgötu 44. Gámarnir eru nýttir til geymslu.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir veitingu stöðuleyfis til 6 mánaða.

8. 1511011 - Ósk um landskipti.

Erindi frá Marinó Bjarnasyni og Freyju Magnúsdóttur, Eysteinseyri. Í erindinu er óskað eftir stofnun 2,5ha lóðar úr landi Eysteinseyrar (landnr. 140291), við Gileyri. Einnig er þess óskað að staðfest verði landskipti og að lögbýlisréttur fylgi upprunalandi.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd Tálknafjarðarhrepps samþykkir erindið og felur byggingarfulltrúa stofnun lóðar.

9. 1511024 - Bíldudalsvegur 63 yfir Mikladal.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd beinir þeim tilmælum til sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps að hefja sem fyrst ásamt Vesturbyggð, viðræður við Vegagerðina um endurbyggingu á Bíldudalsvegi nr. 63, vegakaflanum um Mikladal milli Tálknafjarðar og Patreksfjarðar. Þessi vegakafli er lítið breyttur frá því að lagt var á hann bundið slitlag á árunum eftir 1980 og algjörlega ófullnægjandi miðað við þær kröfur sem gerðar eru til vega í dag svo sem varðandi veghalla, vegbreidd og fleiri atriði. Um þennan veg er mikil umferð flutningabifreiða sem flytja fóður, fisk og vörur innan svæðisins og afurðir út af svæðinu auk allrar annarrar umferðar íbúa og ferðafólks milli þéttbýlisstaða á sunnanverðum Vestfjörðum. Fyrirsjáanlegt er að þessi umferð mun aukast á næstu árum miðað við þau uppbyggingaráform sem fyrirtæki á svæðinu hafa og því brýnt að hefja þessar viðræður við Vegagerðina sem fyrst. Aðalskipulag Tálknafjarðarhrepps rennur út 2018 og því er mikilvægt að ný eða endurbætt veglína verði komin fram fyrir þann tíma til að auðvelda alla vinnu við endurnýjun aðalskipulagsins.

10. 1511037 - Erindi til bygginganefndar

Erindi frá Huga Jónssyni, Móatúni 9. Í erindinu er sótt um leyfi fyrir

viðbyggingu við Móatún 9. Erindinu fylgir riss.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd Tálknafjarðarhrepps tekur
jákvætt í erindið en kallar eftir fullnægjandi gögnum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:40.
